

Akureyrarbær  
Margrét M. Róbertsdóttir  
Geislagötu 9  
600 Akureyri

Reykjavík, 20. febrúar 2019

Tilvísun: 201902017 / 3.3

---

## Efni: Óveruleg breyting á aðalskipulagi Akureyrar vegna tilfærslu á Hólasandslínu 3 við Akureyrarflugvöll

---

Akureyrarbær hefur, með erindi dags. 31. janúar 2019, sent Skipulagsstofnun til staðfestingar óverulega breytingu á aðalskipulagi skv. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga. Aðalskipulagsbreytingin var samþykkt í bæjarstjórn 22. janúar 2019 og hefur niðurstaða hennar verið auglýst.

Skipulagsbreytingin er sett fram á kortblaði dags. 28. september 2018 með uppdrætti í mkv. 1:10.000 og greinargerð.

Í breytingunni felst tilfærsla á Hólasandslínu 3 þar sem jarðstrengurinn liggur sunnan við flugbrautina á Akureyrarflugvelli.

Með erindinu bárust umsagnir frá Náttúrufræðistofnun Íslands dags. 13. nóvember 2018, Isavia, dags. 15. október 2018, Umhverfisstofnun dags. 7. desember 2018, Fiskistofu dags. 31. október 2018 og Óshólmanefnd, fundargerð dags. 15. nóvember 2018.

Skipulagsstofnun hefur farið yfir málgögn og getur fallist á að um óverulega breytingu sé að ræða. Áður en stofnunin getur staðfest aðalskipulagsbreytinguna þarf bæjarstjórn að taka efnislega afstöðu til þeirra atriða sem kom fram í framangreindum umsögnum og setja viðeigandi skipulagsákvæði um hvernig staðið skuli að lagningu strengjarins á þessu svæði. Einnig er æskilegt að fram komi til skýringar hvað skammstöfunin RESA stendur, fyrir sbr. ábendingu Isavia. Skipulagsstofnun þarf að berast fjögur undirrituð eintök af breytingunni.



Birna Björk Árnadóttir